# Þingsályktun

**um stuðning ríkisvaldsins við kræklingarækt og annan fjörubúskap.**

---

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa, með lagasetningu ef þarf, kræklingaeldi og hvers konar annan fjörubúskap sem ætla má að verði á næstu árum tekinn upp á lögbýlum sem aðgang eiga að sjó og að sjá til þess að á viðeigandi rannsóknastofnunum verði sú sérfræðiþekking fyrir hendi sem að haldi má koma og þarf til þess að leiðbeina væntanlegum ræktendum skelfisks og hafa fullnægjandi eftirlit með framleiðslu þeirra í samræmi við kröfur einstakra markaða.

---

*Samþykkt á Alþingi 10. mars 1999.*